



### Bæjarstjórn Garðabæjar 3. (881)/2021

Boðað er til 3. (881). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 18. febrúar 2021 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

#### Dagskrá:

1. 2102008F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/2 '21.
2. 2102024F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/2 '21.  
2102023 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna lóða við Eskiás.  
2010080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis í Garðahverfi.  
2010078 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingarreita.  
2004418 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Sjalands vegna leiksvæðis.  
2010441 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Keldugötu 2.
3. 2102017F - Fundargerð íþróttar- og tómstundaráðs frá 10/2 '21.
4. 2102011F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 5/2 '21.
5. 2101057F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 11/2 '21.
6. 2102015F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 11/2 '21.
7. 2102007F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 10/2 '21.
8. 2101064F - Fundargerð öldungaráðs frá 8/2 '21.
9. 2101346 - Fundargerð stjórnar SSH frá 1/2 '21.
10. 2102108 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 20/1 '21.
11. 2102249 - Fundargerð stjórnar SHS frá 15/1 '21.
12. 2102176 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 29/1 '21.
13. 2102291 - Fundargerð 31. eigendafundar Sorpu bs. frá 1/2 '21.
14. 2102292 - Fundargerð 30. eigendafundar Strætó bs. frá 1/2 '21.



15. 1909412 - Reglur Garðabæjar um skammtímadvöl fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
16. 2102157 - Lýðheilsu- og forvarnastefna Garðabæjar.

Gunnar Einarsson,  
bæjarstjóri.

## Bæjarstjórn Garðabæjar

### 2. (880). fundur 2021

Fimmtudaginn 4. febrúar 2021 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðabirgðaákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 1076/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. nóvember 2020.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnáði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 21. janúar 2021 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

#### 1. 2101046F - Fundargerð bæjarráðs frá 26/1 '21.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 13. tl., bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi kynningu á fýsileikaskýrslu ReSource um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu.

Ingvar Arnarson, ræddi 10. tl., bréf Umhverfisstofnunar varðandi áform um friðlýsingu Garðahrauns og 13. tl., bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi kynningu á fýsileikaskýrslu ReSource um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 13. tl., bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi kynningu á fýsileikaskýrslu ReSource um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu, 12. tl., bréf Samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu varðandi beiðni um tilnefningu á fulltrúum í starfshóp SSH vegna verkefnis um stjórnýslu byggðasamlaganna.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., bréf Samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu varðandi þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi að nýju 13. tl., bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi kynningu á fýsileikaskýrslu ReSource um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu.

Gunnar Einarsson, ræddi 13. tl., bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi kynningu á fýsileikaskýrslu ReSource um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu.

#### *Afgreiðsla mála.*

Bæjarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti vegna sölu á fiskiskipinu Þórði Ólafssyni BA-096/2493.

Fundargerðin sem er 15 tl., er samþykkt samhljóða.

#### 2. 2101063F - Fundargerð bæjarráðs frá 2/2 '21.

Björg Fenger, ræddi 1. tl., framkvæmdir við fjölnota íþróttahús.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 10. og 11. tl., bréf Skátafélagsins Vífils um viðbótarstuðning vegna búnaðarkaupa og lokaframkvæmda við útilífsmiðstöðina í Heiðmörk, 16. tl., umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um Hálandisgarðþjóðgarð og 23. tl., fyrirspurn Garðabæjarlistans um vöru- og þjónustukaup.

Sara Dögg Svanhildardóttir, lagði fram eftirfarandi bókun Garðabæjarlistans.

„Garðabæjarlistinn ítrekar mikilvægi þess að stjórnvíslan starfi með gagnsæjum hætti og virði leikreglur um opinber innkaup í hvívetna. Þess bera því miður innkaup síðasta árs ekki merki um þar sem yfir hálfum milljarði hefur verið varið í aðkeypta þjónustu án útboðs eða verðlagsathugana.“

Sigurður Guðmundsson, ræddi 9. tl., drög að umsögn varðandi tillögu að matsáætlun vegna framkvæmda við Lyklafellslínu og Ísalslínu, 1. tl., framkvæmdir við fjölnota íþróttahús og 2. tl., stöðu framkvæmda við Hafnarfjarðarveg.

Ingvar Arnarson ræddi 2. tl., stöðu framkvæmda við Hafnarfjarðarveg, 9. tl., drög að umsögn varðandi tillögu að matsáætlun vegna framkvæmda við Lyklafellslínu og Ísalslínu, 16. tl., umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð og 23. tl., fyrirspurn Garðabæjarlistans um vöru- og þjónustukaup.

Ingvar Arnarson, lagði fram eftirfarandi bókun vegna 16. tl., en bókunin var lögð fram á fundi bæjarráðs.

„Ég sem bæjarfulltrúi geri alvarlegar athugasemdir við þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð við gerð þessarar umsagnar. Umsögn þessi var send út áður en að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fjallaði um hana. Þegar þessi umsögn var síðan loksins lögð fyrir stjórn Sambandsins gerðu fimm af níu stjórnarmönnum er sátu fundinn athugasemdir við umsögnina, samt sem áður er hún send út óbreytt og án bókana og athugasemda sem gerðar voru á stjórnarfundi. Þessi vinnubrögð eru með öllu óboðleg.“

Gunnar Einarsson, ræddi 10. og 11. tl., bréf Skátafélagsins Vífils um viðbótarstuðning vegna búnaðarkaupa og lokaframkvæmda við útilífsmiðstöðina í Heiðmörk og 23. tl., fyrirspurn Garðabæjarlistans um vöru- og þjónustukaup.

Almar Guðmundsson, ræddi 5. tl., undirbúning hugmyndasöfnunar og íbúakosningu í tengslum við verkefnið Betri Garðabær, 2. tl., stöðu framkvæmda við Hafnarfjarðarveg og 23. tl., fyrirspurn Garðabæjarlistans um vöru- og þjónustukaup.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., stöðu framkvæmda við Hafnarfjarðarveg, 1. tl., framkvæmdir við fjölnota íþróttahús og 9. tl., drög að umsögn varðandi tillögu að matsáætlun vegna framkvæmda við Lyklafellslínu og Ísalslínu.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., stöðu framkvæmda við Hafnarfjarðarveg, 1. tl., framkvæmdir við fjölnota íþróttahús og 4. tl., minnisblað Herðisar Storgaard varðandi öryggi barna á leiksvæðum í Garðabæ.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 9. tl., drög að umsögn varðandi tillögu að matsáætlun vegna framkvæmda við Lyklafellslínu og Ísalslínu, og 10. og 11. tl., bréf Skátafélagsins Vífils um viðbótarstuðning vegna búnaðarkaupa og lokaframkvæmda við útilífsmiðstöðina í Heiðmörk.

#### *Afgreiðsla mála.*

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi umsögn Garðabæjar vegna tillögu að matsáætlun vegna framkvæmda við Lyklafellslínu og Ísalslínu 1. (Mál nr. 2011215)

„Garðabær fagnar því að haldið sé áfram með undirbúning breytinga á flutningskerfi raforku á höfuðborgarsvæðinu sem hafa það að meginmarkmiði að flytja það fjær byggð. Megin ávinningur sveitarfélagsins verður niðurrif á háspennulínum á útivistarsvæðum í upplandi bæjarins sem eru mikilvægur hluti þeirra búsetugæða sem Garðabær býr yfir. Í því sambandi má minna á stefnu Garðabæjar sem er sett fram í gildandi aðalskipulagi að Hnoðraholtslína verði lögð í jörð og verða þá engar loftlínur sýnilegar á útivistarsvæðum að undaskildum loftlínunum ofan Húsfells og Helgafells. Garðabær leggur til að í umhverfismati verði valkostahugmynd Lyklafellslínu sem kallast þéttbýlisleið A bætt við sem valkosti í umhverfismatinu ásamt leiðum L (loftlína með Búrfellslínu) og J (jarðstrengur með Bláfjallavegi). Er þá horft til þátta eins og vatnsverndar og hættu af náttúruhamförum, sér í lagi eldsumbrotum í Brennisteinsfjalla-og Krísuvíkurkerfi. Vissulega yrði þá flutningskerfið nær byggð ef

sú leið yrði fyrir valinu en leiðin samkvæmt hugmyndinni fylgir Flóttamannavegi (Elliðavatnsvegi) að mestum hluta og er það sú leið sem líkleg er að Hnoðraholtslína muni fylgja þegar hún verður lögð í jörð.

Ennfremur er bent á að Garðabær vinnur nú að friðlýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvangs í samvinnu við landeigendur og Umhverfisstofnun. Æskilegt er að þess verði getið í matsáætlun og þeim matsskýrslum sem nú verða unnar. Sú staða hefur áhrif á vinsun valkostahugmynda um loftlínur eða jarðstreng þvert yfir hraunið.“

Bæjarstjórn samþykkir viðauka við samning um notkun á beitarhólfi við Krísvíkurbjarg, dags. 9. mars 2018. (Mál nr. 2101523)

Fundargerðin sem er 25 tl., er samþykkt samhljóða.

### **3. 2101034F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 20/1 '21.**

Almar Guðmundsson, ræddi drög að fundarskipulagi fjölskylduráðs og nefnda 2021. Almar ræddi af því tilefni vinnu við endurskoðun lýðræðisstefnu Garðabæjar.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi vinnu við endurskoðun lýðræðisstefnu Garðabæjar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi vinnu við endurskoðun lýðræðisstefnu Garðabæjar.

Almar Guðmundsson, ræddi vinnu við endurskoðun lýðræðisstefnu Garðabæjar.

Ingvar Arnarson, ræddi vinnu við endurskoðun lýðræðisstefnu Garðabæjar.

Almar Guðmundsson, ræddi að nýju vinnu við endurskoðun lýðræðisstefnu Garðabæjar.

Fundargerðin lögð fram.

### **4. 2101059F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 26/1 '21.**

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., sameiginlegan upplýsingafund íþróttá- og tómstundaráðs og fjölskylduráðs. Af því tilefni vék Harpa að bókun í fundargerðinni um fyrirkomulag og form á fyrirspurnum til starfsmanna.

Gunnar Einarsson, ræddi fyrirkomulag og form á fyrirspurnum.

Ingvar Arnarson, ræddi fyrirkomulag og form á fyrirspurnum.

Fundargerðin lögð fram.

### **5. 2101001F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 6/1 '21.**

Fundargerðin lögð fram.

### **6. 2101058F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 27/1 '21.**

Björg Fengler, ræddi 1. tl., sameiginlegan upplýsingafund íþróttá- og tómstundaráðs og fjölskylduráðs.

Fundargerðin lögð fram.

**7. 2101021F - Fundargerð leikskólanefndar frá 20/1 '21.**

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 2. tl., nýtingu á dvalartíma leikskólabarna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 6. tl., breytingar á rekstri Urriðaholtsskóla vegna fjölgunar barna.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., nýtingu á dvalartíma leikskólabarna og 6. tl., breytingar á rekstri Urriðaholtsskóla vegna fjölgunar barna og svaraði fyrirspurnum.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., nýtingu á dvalartíma leikskólabarna.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi að nýju 2. tl., nýtingu á dvalartíma leikskólabarna.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., nýtingu á dvalartíma leikskólabarna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 6. tl., breytingar á rekstri Urriðaholtsskóla vegna fjölgunar barna og 2. tl., nýtingu á dvalartíma leikskólabarna.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., nýtingu á dvalartíma leikskólabarna.

Gunnar Einarsson, ræddi að nýju 2. tl., nýtingu á dvalartíma leikskólabarna.

Fundargerðin lögð fram.

**8. 2012043F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 20/1 '21.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl., skólastefnu Garðabæjar.

Fundargerðin lögð fram.

**9. 2101447 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 25/1 '21.**

Fundargerðin lögð fram.

**10. 2101346 - Fundargerð stjórnar SSH frá 18/1 '21.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 5. tl., stöðu mála varðandi innleiðingu og samninga um NPA.

Almar Guðmundsson, ræddi 5. tl., stöðu mála varðandi innleiðingu og samninga um NPA.

Gunnar Einarsson, ræddi 5. tl., stöðu mála varðandi innleiðingu og samninga um NPA.

Fundargerðin lögð fram.

**11. 2101300 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 29/1 '21.**

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 4. tl., bréf Lífeyrissjóðsins Brúar varðandi kröfu vegna áfallinna lífeyrissjóðskuldbindinga starfsmanna Strætó bs.

Fundargerðin lögð fram.

## 12. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 - Lántaka

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 1.500.000.000. Um er að ræða verðtryggt lán með 1,48% föstum vöxtum. Lánið er jafngreiðslulán til 13 ára og án heimildar til uppgreiðslu.

"Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 1.500.000.000, með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánsamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem bæjarstjórnin hefur kynnt sér. Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til byggingar fjölnota íþróttahúss sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Gunnari Einarssyni, bæjarstjóra, kt. 250555-4079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Garðabæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns."

"Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um lántöku að fjárhæð kr. 1.500.000.000 samkvæmt heimild í samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2021."

## 13. 2102035 - Tillaga um nýtingu húsnæðis að Garðatorgi 1 fyrir starfsemi Hönnunarsafns Íslands og fjölbreytta menningarstarfsemi.

Gunnar Valur Gíslason, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu er hann flytur ásamt Áslaugu Huldu Jónsdóttur og Björgu Fenger

„Bæjarstjórn samþykkir að fela fræðslu- og menningarsviði Garðabæjar að skoða heildstæða nýtingu húsnæðis á Garðatorgi 1 þar sem annars vegar verði mótuð tillaga að áframhaldandi uppbyggingu Hönnunarsafns Íslands í húsinu og hins vegar tillaga að því hvernig nýta megi betur önnur rými á 2. hæð, jarðhæð og í kjallara hússins ásamt aðliggjandi yfirbyggðri göngugötu undir fjölbreytta menningarstarfsemi fyrirtækja og félagsamtaka á sviði lista og menningar, Ungmennahús, frístundastarf fatlaðs fólks og samkomustað fjölskyldna í bænum. Stefnt skal að því að tillögur fræðslu- og menningarsviðs ásamt greiningu stofnkostnaðar og reksturskostnaðar valkosta liggja fyrir eigi síðar en í lok apríl 2021.“

### Greinargerð

Þann 1. janúar 2007 tók Garðabær við rekstri og stjórn Hönnunarsafns Íslands. Hönnunarsafnið starfar sem stofnun á vegum bæjarfélagsins og ber safnið ábyrgð á söfnun, varðveislu, rannsóknunum og miðlun á þeim þætti menningarsögu íslendinga sem lýtur að hönnun, einkum frá aldamótunum 1900. Á undanförunum árum hefur starfsemi safnsins á sviði stafrænnar menningar eflst, safnið stendur fyrir vönduðum viðburðum fyrir börn og á árinu 2019 tók Hönnunarskóli Hönnunarsafnsins til starfa fyrir ungmenni á aldrinum 13-16 ára.

Allt frá árinu 2015 hafa fulltrúar Garðabæjar, með hléum, átt viðræður við fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis um hvernig leysa megi húsnæðismál Hönnunarsafnsins en hætt var við að reisa nýja safnbyggingu í kjölfar hrunsins árið 2008. Gengið er út frá því að ákvæði í samkomulagi aðilanna frá árinu 2006 um stofnframlag ríkisins vegna safnbyggingar sé enn í fullu gildi og að það framlag ríkisins framreiknað til verðlags 2021 fari til uppbyggingar safnsins á Garðatorgi 1, s.s. til að bæta aðgengi að safninu, auka öryggi muna, stækka rými fyrir sýningar og innréttu fjölnotasal. Einnig hefur verið til umræðu ráðstöfun styrktar- og rekstrarframlags í fjárlögum til starfsemi Hönnunarsafnsins.

Markmið með úttektinni er annars vegar að undirbúa stækkun Hönnunarsafnsins í núverandi húsnæði og hins vegar að auka menningarlíf og þjónustu á Garðatorgi enn frekar með vísi að Blackbox rými; t.d. með Ungmennahúsi, bættri aðstöðu fyrir leiklist, myndlist og aðrar listgreinar ásamt aðstöðu fyrir

frístundastarf fatlaðs fólks. Mikilvægt er að úttektin sé unnin í fullu samráði við húseiganda og aðra hagaðila í húsinu m.a. með tilliti til þátttöku í breytingum á húsnæði.

Með bættum húsakosti Hönnunarsafnsins á Garðatorgi 1 með betri og varanlegri sýningar- og geymsluaðstöðu, aðgengi fyrir alla og bættri ásýnd, þróun Ungmennahúss fyrir 16 ára og eldri og aukinni aðstöðu fyrir menningu, listir, frístundir fatlaðs fólks og samveru fjölskyldunnar er stuðlað að áframhaldandi uppbyggingu öflugss miðbæjar Garðabæjar á Garðatorgi í sambylí við þá verslun, þjónustu og íbúðarbyggð sem þar er til staðar nú.

Ingvar Arnarson tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun Garðabæjarlistans.

„Við í Garðabæjarlistanum fögnum ákvörðun meirihlutans að taka tvær af frábærum tillögum Garðabæjarlistans og setja þær í annan búning og leggja svo fram sem sína tillögu í bæjarstjórn núna. Þann 20. september 2018 lagði Garðabæjarlistinn fram tillögu um að Garðabær setti á fót sköpunarmiðstöð eða menningarhús. Einnig kom fram í þeirri tillögu að íþrótt- og tómstundaráð, menningar og safnanefnd og ungmennaráð myndu saman móta hugmyndir að menningarhúsi. Þann 18. október 2018 lagði Garðabæjarlistinn fram tillögu um að Garðabær hefji viðræður við eigendur fasteignar að Garðatorgi 1 með það að leiðarljósi að aukið rými skapist fyrir Hönnunarsafn Ísland og um leið fyrir aðra starfsemi.

Á sama augnabliki og við fögnum því að meirihlutinn taki upp okkar góðu tillögur að þá verðum við smá sorgmædd yfir þeim vinnubrögðum sem meirihlutinn viðhefur. Það að vísa okkar tillögum í nefndir og láta þær svo hverfa í svarthol tillagna til þess eins að setja þær í annan búning í sínu nafni þykir okkur vera dapurleg vinnubrögð.“

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls.

Ingvar Arnarson, tók til máls og kom með ábendingu um að tillögunni verði vísað til umfjöllunar nefnda.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, tók undir ábendingu um að vísa tillögunni til umfjöllunar nefnda.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða framlagða tillögu.

#### **14. 1811064 - Umferðaröryggisáætlun Garðabæjar**

Sigurður Guðmundson, fylgdi úr hlaði tillögu að umferðaröryggisáætlun Garðabæjar og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja tillöguna.

Ingvar Arnarson, tók til máls.

Björg Fenger, tók til máls

Sigurður Guðmundsson, tók til máls

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða umferðaröryggisáætlun Garðabæjar.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.



Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti og undirrituð með rafrænni undirskrift.

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Gunnar Einarsson, (sign)

Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)


Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)

# Undirritunarsíða

Áslaug Hulda Jónsdóttir




Undirritað af:  
Áslaug Hulda  
Jónsdóttir  
0505764699  
Dags: 06.02.2021  
Tími: 23:08:33  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 584ee3de-  
5bfb-4ff1-80d0-  
6bbb6cb1a447

Sigurður Guðmundsson



Undirritað af:  
Sigurður  
Guðmundsson  
2003703419  
Dags: 07.02.2021  
Tími: 21:35:44  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 584ee3de-  
5bfb-4ff1-80d0-  
6bbb6cb1a447

Gunnar Valur Gíslason




Undirritað af:  
Gunnar Valur Gíslason  
0603586809  
Dags: 07.02.2021  
Tími: 13:56:37  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 584ee3de-  
5bfb-4ff1-80d0-  
6bbb6cb1a447

Jóna Sæmundsdóttir



Undirritað af:  
Jóna Sæmundsdóttir  
1903582169  
Dags: 07.02.2021  
Tími: 17:00:51  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 584ee3de-  
5bfb-4ff1-80d0-  
6bbb6cb1a447

Almar Guðmundsson




Undirritað af:  
Almar Guðmundsson  
0305722979  
Dags: 08.02.2021  
Tími: 15:36:56  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 584ee3de-  
5bfb-4ff1-80d0-  
6bbb6cb1a447

Björg Fengler



Undirritað af:  
Björg Fengler  
1308785049  
Dags: 07.02.2021  
Tími: 19:40:42  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 584ee3de-  
5bfb-4ff1-80d0-  
6bbb6cb1a447

Gunnar Einarsson




Undirritað af:  
Gunnar Einarsson  
2505554079  
Dags: 08.02.2021  
Tími: 08:30:29  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 584ee3de-  
5bfb-4ff1-80d0-  
6bbb6cb1a447

Sara Dögg Svanhildardóttir




Undirritað af:  
Sara Dögg  
Svanhildardóttir  
2607733139  
Dags: 07.02.2021  
Tími: 08:34:39  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 584ee3de-  
5bfb-4ff1-80d0-  
6bbb6cb1a447

Ingvar Arnarson



Undirritað af:  
Ingvar Arnarson  
2406783819  
Dags: 12.02.2021  
Tími: 13:07:22  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 584ee3de-  
5bfb-4ff1-80d0-  
6bbb6cb1a447

Harpa Þorsteinsdóttir



Undirritað af:  
Harpa Þorsteinsdóttir  
2706862229  
Dags: 08.02.2021  
Tími: 23:21:09  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 584ee3de-  
5bfb-4ff1-80d0-  
6bbb6cb1a447

Guðfinnur Guðjón Sigurvinsson



Undirritað af:  
Guðfinnur Guðjón  
Sigurvinsson  
1908784069  
Dags: 08.02.2021  
Tími: 16:00:54  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 584ee3de-  
5bfb-4ff1-80d0-  
6bbb6cb1a447

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**5. (1963). fundur 2021**

Þriðjudaginn 9. febrúar 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjárfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðabirgðaákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 1076/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. nóvember 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri og Hildigunnur Árnadóttir, yfirfélagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2102129 - Borgarlínan - frumdrög að fyrstu lotu - kynning á skýrslu.**

Á fund bæjarráð kom Hrafnkell Á Proppé verkefnastjóri Borgarlínu og gerði grein fyrir frumdragaskýrslu sem komin er út og fjallar um 1. lotu verkefnisins - forsendur og frumdrög. Fyrsta lota borgarlínu mun standa yfir frá 2021-2025 og verður 14 km löng frá Ártúnshöfða niður í miðbæ Reykjavíkur og yfir Fossvog í Hamraborg í Kópavogi. Áætlaður heildarkostnaður er 24,9 milljarðar.

Bæjarfulltrúarnir, Sara Dögg Svanhildardóttir, Harpa Þorsteinsdóttir, Jóna Sæmundsdóttir og Gunnar Valur Gíslason sátu fund bæjarráðs undir dagskrárliðum 1 og 2.

**2. 2001444 - COVID-19 - stöðuskýrsla AHS - 31.01.2021.**

Lögð fram og kynnt stöðuskýrsla Almanna- og borgarfulltrúa fyrir janúar 2021.

Ný reglugerð tók gildi 8. febrúar þar sem gerðar eru varfærnar tilslakanir á samkomutakmörkunum. Reglugerðin gildir til 8. mars 2021.

Upplýst var um meginniðurstöður vinnuhóps um mögulegar staðsetningar bólusetningar. Hópurinn leggur til að gerð verði áætlun um nýtingu á húsnæði anddyri Laugardalshallar og fjórum öðrum stórum íþróttahúsum á höfuðborgarsvæðinu þar sem hægt er að bólusetja um 1.000 manns á klst og aðgangur er að um 500 bílastæðum.

**3. 2012036 - Maríugata 31 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita ESAIT ehf., kt. 580713-1810, leyfi til að byggja raðhús að Maríugötu 31.

**4. 2102104 - Maríugata 33 - umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita ESAIT ehf., kt. 580713-1810, leyfi til að byggja raðhús að Maríugötu 33.

**5. 2102105 - Maríugata 35 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita ESAIT ehf., kt. 580713-1810, leyfi til að byggja raðhús að Maríugötu 35.

6. **2102106 - Maríugata 37 - Umsókn um byggingarleyfi.**  
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita ESAIT ehf., kt. 580713-1810, leyfi til að byggja raðhús að Maríugötu 37.
7. **1804367 - Bréf Skipulagsstofnunar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna rammahluta um Vífilsstaðaland, dags. 05.02.21.**  
Í bréfinu kemur fram að Skipulagsstofnun hefur yfirfarið samþykkt bæjarstjórnar á breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna rammahluta um Vífilsstaðaland en getur ekki staðfest breytinguna fyrir en niðurstaða liggur fyrir um eftirfarandi atriði.
- Tenging í Hnoðraholti, tenging við gatnakerfi Kópavogsbæjar.  
Flóðavarnir og ofanvatnslausnir í Vetrarmýri.  
Loftgæði íbúðarbyggðar í Vetrarmýri.
- Bæjarstjóri upplýsti um að fyrirhugaður fundur með Skipulagsstofnun í dag og í undirbúningi er að halda fund með fulltrúm Kópavogsbæjar.
- Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar í skipulagsnefnd.
8. **2101532 - Umsókn um leyfi til halda e-Rally á Íslandi 2021, dags. 28.01.21.**  
Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til afgreiðslu bæjarstjóra.
9. **2102026 - Bréf Samgöngustofu varðandi beiðni um umsögn um staðsetningu ökutækjaleigu að Garðatorgi 7, dags. 01.02.21.**  
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að Guðmundi Þorsteinssyni, kt. 310380-3859 f.h. Stólabíla, ehf., kt. 580121-1280 verði veitt leyfi til að starfrækja ökutækjaleigu að Garðatorgi 7, 210 Garðabæ. Í umsókn kemur fram að sótt er um leyfi fyrir einu ökutæki í útleigu.
10. **2102038 - Starfsemi búsetuþjónustu fyrir fötluð börn að Sigurhæð 12.**  
Hildigunnur Árnadóttir, yfirfélagsráðgjafi kynnti undirbúning að starfsemi búsetuþjónustu fyrir fötluð börn að Sigurhæð 12.
- Bæjarráð vísar málinu til kynningar í fjölskylduráði og samráðshópi um málefni fatlaðs fólks.
11. **2102073 - Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um drög að breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfisins, dags. 04.02.21.**  
Lögð fram og vísað til kynningar í umhverfisnefnd.
12. **1909412 - Reglur Garðabæjar um skammtímadvöl fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.**  
Lögð fram tillaga að sameiginlegum reglum sveitarfélaganna Kópavogs Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um skammtímadvöl fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- Bæjarráð vísar reglunum til afgreiðslu bæjarstjórnar.

**13. 2102107 - Erindi Byggingarfélags Gylfa og Gunnars varðandi uppbyggingu og breytingar á skipulagi Setbergs.**

Í erindinu er leitað til bæjaryfirvalda um að hafinn verði undirbúningur að breytingum á skipulagi Setbergsholts m.t.t. landnotkunar, þéttleika byggðar og gatnakerfis en landsvæðið er í eigu erindishafa.

Bæjarráð vísar erindinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

**14. 2102109 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um stefnumarkandi áætlanir á sviði samgangna, fjarskipta og byggðamála, 471. mál., dags. 04.02.21.**

Lagt fram.

**15. 2102112 - Bréf Alþingis vaðandi frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga (sveitarfélög og kórónuveirufaraldur), 478. mál., dags. 05.02.21.**

Lagt fram.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti og undirrituð með rafrænni undirskrift.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**6. (1964). fundur 2021**

Þriðjudaginn 16. febrúar 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðabirgðaákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 1076/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. nóvember 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, yfirfélagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2001444 - COVID-19 - neyðarstig almannavarna.**

Upplýst var að ríkislögreglustjóri, í samráði við sóttvarnalækni, hefur ákveðið að færa almannavarnastig úr neyðarstigi niður á hættustig vegna COVID-19. Neyðarstigi var lýst yfir 4. október 2020 þegar þriðja bylgja faraldursins hófst og smitum tók að fjölga verulega.

Leiðbeiningar um fjöldatakmörkanir í söfunum hafa verið uppfærðar. Almenn fjöldatakmörkun er að 20 einstaklingar mega koma saman. Í söfnum, svo sem bóka- og skjalasöfnum, listasöfnum, minjasöfnum, náttúrugripasöfnum og tæknisöfnum er heimilt að taka við fimm gestum á hverja 10 m<sup>2</sup>, þó að hámarki 150 viðskiptavinum í rými að því gefnu að uppfyllt skilyrði um a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum.

Núverandi reglur um samkomutakmarkanir gilda til 3. mars nk.

**2. 2102023 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna lóða við Eskiás.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga sem gerir ráð fyrir að hæðir húsa við Eskiás 2, 4 og 6 lækki um eina hæð og heimilað verði að fjölga íbúðum í öðrum húsum sem nemur fækkun íbúða vegna lækkunar um hæð. Hámarkshæðir annarra húsa verða óbreyttar. Byggingarreitir lóðanna nr. 8 og 10 breytast þannig að þar verða lokaðir innigarðar. Heildarfjöldi íbúða verður óbreyttur eða 276 íbúðir.

**3. 2010080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis í Garðahverfi.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa til kynningar samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna svæðis Grænagarðs (1.09) í Garðahverfi.

Tillagan skal kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Einnig skal tillagan kynnt sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefnd á þeim svæðum þar sem starfandi er slík nefnd. Tillagan skal jafnframt kynnt öðrum sveitarfélögum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins.

Tillagan skal kynnt samhliða tillögu að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis



**4. 2010078 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingarreita.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa til kynningar samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis. Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á lóðarmörkum og byggingarreitum í Katrínarkoti, Háteigi, Hausastöðum og Pálshúsum, breyttri afmörkun Grænagarðs og að skilgreind verði lóð umhverfis núverandi íbúðarhús í Grænagarði.

Tillagan, forsendur hennar og umhverfismat, skal kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt.

Tillagan skal kynnt samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar.

Bæjarráð samþykkir að boða deiliskipulagshöfunda á fund bæjarráðs til að fara nánar yfir forsendur og þróun skipulagsins.

**5. 2004418 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Sjálands vegna leiksvæðis.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að fram fari grenndarkynning vegna breyttrar tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Sjálands á svæði sparkvallar sem verður þá skilgreint sem leiksvæði, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum íbúða við Löngulínu 13, 15, 17, 19, 21, 23, 27 og 29 og Vesturbrú 1.

**6. 2010441 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Keldugötu 2.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar að Keldugötu 2 samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum og tillöguna með breytingu frá auglýstri tillögu er varðar innkeyrslu lóðarinnar.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

**7. 2102157 - Afgreiðsla íþróttá- og tómsundarráðs varðandi lýðheilsu-, og forvarnastefnu Garðabæjar.**

Bæjarráð vísar tillögu íþróttá- og tómsundarráðs að nýrri lýðheilsu- og forvarnastefnu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

**8. 2102215 - Bréf Náttúruhamfaratrygginga Íslands varðandi skyldutryggingar mannvirkja, ódags.**

Í bréfinu kemur fram að eigendum mannvirkja sem falla undir lög um Náttúruhamfaratryggingu Íslands skuli fyrir 1. mars ár hvert senda Náttúruhamfaratryggingu Íslands skrá yfir öll þau mannvirki sem tryggja á ásamt áætlun um endurstofnverð.

Bæjarráð felur bæjarstjórnar að senda Náttúruhamfaratryggingu Íslands umbeðna skrá.

9. **2102182 - Bréf Bessastaðasóknar um endurnýjun samnings um æskulýðsstarf, dags. 09.02.21.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra og til umfjöllunar í íþrótt- og tómstundaráði.
10. **2102214 - Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga varðandi auglýsingu eftir framboðum í stjórn, dags. 08.02.21.**  
Lagt fram.
11. **2101200 - Útboð á þjónustu iðnaðarmanna.**  
Bæjarverkfræðingur gerði grein fyrir undirbúningi að gerð útboðsgagna vegna útboðs á þjónustu iðnaðarmanna.  
  
Lagt fram til kynningar minnisblað Juris um innkaup á þjónustu iðnaðarmanna.
12. **2102118 - Samningur um Bláfjallarútuna.**  
Bæjarráð samþykkir samning við Teit Jónasson ehf. um áætlunarakstur að skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins. Samningurinn er ótímabundinn með sex mánaða uppsagnafresti.
13. **1902222 - Sala lóða í Vetrarmýri.**  
Bæjarstjóri upplýsti um stöðu mála varðandi viðræður við Skipulagsstofnun og Kópavog um athugasemdir Skipulagsstofnunar varðandi tengingar á gatnakerfi sveitarfélaganna í Hnoðraholti. Fyrirhugaður er fundur með Skipulagsstofnun um málið í dag.  
  
Bæjarstjóri kynnti hugmyndir um aðferðir við útfærslu á úthlutun lóða og sölu byggingarréttar lóða í Vetrarmýri. Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna áfram að málinu.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti og undirrituð með rafrænni undirskrift.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)

## Íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar 28. fundur 2021

Miðvikudaginn 10. febrúar 2021 kl. 16:00 kom íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson aðalmaður, Kári Jónsson íþróttá-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttá-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### 1. 1808087 - Framkvæmdir - Vífilshöllin - fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri

Kynning á byggingu fjölnota íþróttahúss sem nú rís í Vetrarmýrinni. Helgi Már Halldórsson arkitekt hússins leiddi fundarmenn um bygginguna í "sýndarveruleika" og fjallaði um bygginguna og möguleika hennar almennt og svaraði fyrirspurnum. Guðbjörg Brá Gísladóttir fór yfir stöðu framkvæmda við bygginguna.

#### Gestir

Helgi Már Halldórsson - 16:00

Guðbjörg Brá Gísladóttir - 16:00

### 2. 2102153 - Afrekssjóður ÍTG 2021

Aftekssjóður ÍTG var auglýstur opinn til umsóknar á vef Garðabæjar og í Garaðpóstinum til og með 1. febrúar.

Samþykkt var að veita Íþróttamanni ársins 2020 Hilmari Snæ Örvarssyni skíðamanni og íþróttakonu ársins 2020 Ágústu Eddu Björnsdóttur hvoru um sig styrk að upphæð kr. 200.000,-

### 3. 2102157 - Lýðheilsu-, og forvarnastefna Garðabæjar

Forvarnastefnan hefur nú verið kynnt almenningi á vef Garðabæjar. Áður hafði stefnan verið til umfjöllunar hjá nefndum bæjarins og innan stjórnarsýslunnar frá hausti 2020.

Tillaga er um að breyta heiti stefnunnar í "Lýðheilsu- og forvarnastefnu" þar sem stefnan nær til mun breiðara sviðs bæði í aldursflokkum og málefnum en fyrri stefna. Engin breyting er gerð á því sem kynnt hefur verið þó nafninu hafi verið breytt, enda eru lýðheilsumál forvarnir í víðari skilningi.

ÍTG samþykkir fyrirbyggjandi drög af stefnunni og vísar henni til bæjarstjórnar.

### 4. 2101428 - Skýrsla starfshóps varðandi tillögur að heilsuefningu eldri borgara.

Skýrslan lögð fram.

### 5. 2012253 - Bréf Velferðarvaktarinnar um tillögur til ríkis og sveitarfélaga í mótvægisáðgerðum vegna COVID-19

Tillögurnar lagðar fram.

### 6. 2011046 - Tillaga um lýðheilsu ungmenna.

ÍTG fagnar fram kominni tillögu og vísar verkefninu til íþróttá-, tómstunda- og forvarnafulltrúa

til úrvinnslu í samvinnu við Ungmennaráð Garðabæjar.

**7. 2009056 - Íbúakönnun - Þjónustukönnun Gallup 2020**

Lagt fram og rætt út frá íþróttaaðstöðu og aðstöðu til heilsuræktar.

**8. 2101473 - 19. júnisjóður lokauppgjör 2020**

Lokauppgjör 19. júnisjóðs 5. júní 2020 samþykkt.

**9. 2102117 - Vallarklukka og varamannabekkir á Stekkjaflatarvelli**

Íþróttafulltrúa falið að skoða beiðnina samhliða öðrum óskum um búnaðarkaup til íþróttamannvirkja.

**10. 2102035 - Tillaga um nýtingu húsnæðis að Garðatorgi 1 fyrir starfsemi Hönnunarsafns Íslands og fjölbreytta menningarstarfsemi.**

Lagt fram til kynningar.

**11. 2102159 - Hvatapeningar 2020**

Íþróttafulltrúi hefur tekið saman nýtingu hvatapeninga meðal barna í Garðabæ árið 2020. Nýting hefur aðeins minnkað milli ára í öllum árgöngum.

**12. 2101067 - Hvatapeningar 2021**

Reglur um hvatapeninga 2021 lagðar fram og ræddar.

**13. 2102118 - Bláfjallarútan - samningur við Teit Jónasson ehf.**

Unnið er að samningum við Teit Jónasson ehf um að "Skíðarútan" hafi stoppistöð við Ásgarð daglega á leið sinni upp í Bláfjöll þegar opið er á skíðasvæðinu. Komið er við hjá Brettafélagi Hafnarfjarðar, Flatahrauni 14, í Mjóddinni og Olís við Rauðavatn. Ekið er eftir rútuáætlun Skíðasvæðanna sjá. <https://skidasvaedi.is/upplýsingar/rutuaaetlun/> og yrði Flatahraun endastöð í ferðum frá Bláfjöllum. Brottför virka daga yrði 15:40 og komið heim um 22:00. Um helgar yrði brottför 12:10 og komið heim um 18:00

**14. 2102160 - Leiðtogar og fyrirmyndir í kvennaíþróttum í Garðabæ**

ÍTG samþykkti haustið 2020 að nýta fjármuni úr 19. júnisjóði til að setja á laggimar verkefni til eflingar fyrirmynda í kvennaíþróttum.

Nú er komið á samstarf við KVAN um næstu skref í því verkefni. Markmið verkefnisins er að efla forystuhæfileika stúlkna í afreksíþróttum í Garðabæ. Fyrsti fundur þeirra er áætlaður 13. mars nk.

Önnur mál:

- Stefanía sagði frá íþróttum eldri borgara og skipulagi þeirra mála sem loks er komin í gang að ný. Þar fyllast öll námskeið sem boðið er upp á og biðlistar myndast, enda fjöldatakmörkanir í gangi vegna sóttvarnareglugerða.

- Umræða um Útílífsmiðstöð Vífils þar sem framkvæmdir eru komnar langt á veg.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Menningar- og safnanefnd Garðabæjar**  
**28. fundur 2021**

Föstudaginn 5. febrúar 2021 kl. 16:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Bjarnís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Þorgerður Anna Arnardóttir varamaður og Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2008591 - Viðræður við ríkið varðandi endurnýjun samnings um Hönnunarsafn Íslands**

Í fjarveru sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs greindi formaður frá stöðu mála í viðræðum Garðabæjar við mennta- og menningarmálaráðuneyti varðandi nýjan samning um Hönnunarsafnið. Viðræðurnar snúast annars vegar um árlegt framlag ríkisins til reksturs safnsins og hins vegar um staðfestingu á því að stofnframlag ríkisins til safnsins sem kveðið var á í samningi aðilanna frá árinu 2006 sé enn í fullu gildi og hvernig það verði greitt.

**2. 2102035 - Samþykkt bæjarstjórnar á tillögu vegna nýtingar húsnæðis á Garðatorgi 1**

Fyrir fundinum lá samþykkt bæjarstjórnar frá 4. febrúar sl. um að fela fræðslu- og menningarsviði Garðabæjar að skoða heildstæða nýtingu húsnæðis á Garðatorgi 1. Málið hefur verið vísað til fræðslu- og menningarsviðs til úrvinnslu.

**3. 2101126 - Vetrahátíð 2021-yfirferð**

Menningarfulltrúi segir frá vel heppnaðri Vetrahátíð sem fór fram 4. - 7. febrúar. Sýning á ljóskerum fyrir framan Hönnunarsafn fór fram alla dagana, þann 5. febrúar var ljóslistaverki eftir Hrund Atladóttur ásamt hljóðverki eftir Geir Helga Birgisson varpað á Búshúsið á Vífilstöðum með leyfi frá Landsspítala. Bein útsending var frá viðburðinum sem stóð aðeins yfir í eitt kvöld enda mikil og dýr framkvæmd. Gunni Rich var menningarfulltrúa innan handar. Fjöldi fólks lagði leið sína á Vífilstaði og almenn ánægja virðist vera með gjörninginn. Laugardaginn 6. febrúar fóru fram tvær svokallaðar berklagöngur með göngugarpinum Einari Skúlasyni sem gekk með tvo tuttumanna hópa um útivistarslóðir við berklahælið. Sunnudaginn 7. febrúar fór svo höfundurinn Kristín Helga Gunnarsdóttir með 20 fullorðna og um 15 börn í göngu um söguslóðir bóka sinna.

**4. 2102115 - Jazzhátíð Garðabæjar 2021**

Viðræður við Sigurð Flosason um framkvæmd, staðsetningu og tímasetningu jazzhátíðar eru hafnar, menningarfulltrúa falið að vinna áfram að undirbúningi hátíðarinnar í samstarfi við Sigurð.

**5. 2102116 - Bæjarlistamaður Garðabæjar 2021**

Auglýst hefur verið eftir ábendingum vegna útnefningar næsta bæjarlistamanns og nú þegar hafa nokkrar ábendingar borist.

**6. 2101141 - Önnur menningarmál**

a) Menningarfulltrúi segir frá móttöku alls 735 barna úr grunnskólum Garðabæjar í Tónlistarskóla

Garðabæjar í janúar á mjög skemmtilega og vandaða jazztónleika.

b) Rætt um Barnamenningarhátíð í Garðabæ 2021. Í febrúar hefst fyrsti liður hátíðarinnar sem felst í leirsmíðjum barna á miðstigi grunnskóla Garðabæjar en verk barnanna verða sýnd á Barnamenningarhátíð í apríl. Ítarleg dagskrá hátíðarinnar kynnt á næsta fundi nefndar.

c) Auglýst verður eftir umsóknum um styrki fyrir unga listamenn í Garðabæ.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

## Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks

### 1. fundur 2020

Fimmtudaginn 11. febrúar 2021 kl. 10:00 kom samráðshópur um málefni fatlaðs fólks saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 780/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 20. ágúst 2020

Fundinn sátu: Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Bergþóra Bergsdóttir aðalmaður, Elín Hoe Hinriksdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir félagsmálastjóri og Svanhildur Þengilsdóttir forstöðumaður.

Fundargerð ritaði: Pála Marie Einarsdóttir, Umsjónarþroskaþjálfari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

#### 1. **2101432 - Kynning Erlendar Pálssonar á nýju fyrirkomulagi á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk**

Mál 2101432, kynning Erlendar Pálssonar á nýju fyrirkomulagi akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Áhersla lögð á betra aðgengi, rafrænar umsóknir og nýtingu þjónustugáttar. Eftir útboð var samningur gerður við Hópbíla. Gallup mun framkvæma þjónustukönnun í kjölfar breytinganna og verða þær niðurstöður kynntar sérstaklega. Samráðshópurinn lýsir ánægju sinni með þessar breytingar og telur þær vera til hagsbóta fyrir notendur.

#### 2. **2011219 - Fyrirspurn um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.**

Tekið er fyrir mál 2011219, svar umsjónarþroskaþjálfara Garðabæjar við fyrirspurn um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Lagt fyrir samráðshóp til kynningar.

#### 3. **2009056 - Íbúakönnun - þjónustukönnun Gallup 2020**

Tekið er fyrir mál nr. 2009056, árleg íbúakönnun Gallup er lögð fram til kynningar. 422 einstaklingar svöruðu könnuninni. Það sem meðal annars snýr að þjónustu við fatlað fólk er spurning um hversu ánægt eða óánægt fólk er með þjónustu við fatlað fólk í sveitarfélaginu. Þar skorar Garðabær 3,5 bæði árið 2019 og 2020, það er því ekki um breytingu að ræða milli ára. Garðabær er yfir landsmeðaltali sem er 3,4. Umræða skapaðist um vöntun á húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk og stefnu í þeim málum. Kröfurnar eru að aukast og umsóknir um sérstök húsnæðisúrræði að berast fyrr en áður, eða strax við 18 ára aldur. Það er ekki biðlisti eftir annari þjónustu í málaflokki en húsnæðisúrræðum hjá Garðabæ.

#### 4. **2102035 - Tillaga um nýtingu húsnæðis að Garðatorgi 1 fyrir starfsemi Hönnunarsafns Íslands og fjölbreytta menningarstarfsemi.**

Mál númer 2102035 lagt fram til kynningar, tillaga um að fela fræðslu- og menningarsviði Garðabæjar að skoða heildstæða nýtingu húsnæðis á Garðatorgi 1, áframhaldandi uppbyggingu Hönnunarsafn Íslands og að skoðað verði að koma á fót ungmennahúsi sem myndi m.a. myndi sinna frístundastarfi fyrir fötluð börn og ungmenni.

#### 5. **2102038 - Heimili fyrir börn**

Mál nr: 2102038 lagt fram til kynningar, Hildigunnur Árnadóttir, yfirfélagsráðgjafi kynnti undirbúning að starfsemi búsetuþjónustu fyrir fötluð börn að Sigurhæð 12. Samráðshópurinn fagnar þessu gæfuspori sem Garðabær er að taka í þágu fatlaðra barna í þörf fyrir búsetu utan heimilis.



Fleira ekki gert,  
Undirritun á næstu síðu.

**Skipulagsnefnd Garðabæjar**  
**2. fundur 2021**

Fimmtudaginn 11. febrúar 2021 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri og Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-rammahluti.**  
Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags. 5. febrúar 2021. Vísað til úrvinnslu hjá tækni- og umhverfissviði.
- 2. 1912201 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 4. Stígakerfi í Upplandi**  
Lögð fram bókun bæjarstjórnar þar sem fram kemur tillaga um göngu- og hjólaleiðir í upplandi Garðabæjar og Vífilsstaðhrauni. Skipulagsnefnd tekur undir bókunina og vísar henni til mótunar tillagna að breytingu aðalskipulags og deiliskipulags á svæðinu.
- 3. 2010080 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 6. Garðahverfi**  
Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem gerir ráð fyrir því að afmörkun opins svæðis (1.09 Grænigarður) breytist. Um leið eru lagðar til leiðréttingar á landnotkunartáknum uppdráttar í Garðaholti sem voru ekki réttir á staðfestum aðalskipulagsuppdrætti.  
Ábendingar og umsagnir sem bárust vegna verkefnislýsingar lagðar fram.  
Meirihluti skipulagsnefndar, 4 af 5, vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Baldur Ó. Svavarson greiðir atkvæði gegn tillögunni, sjá bókun við 4.fundarlið.  
Tillagan skal forkynnt samhliða tillögu að deiliskipulagsbreytingu.
- 4. 2010078 - Garðahverfi. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna lóðarmarka og byggingareita.**  
Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Garðahverfis. Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á lóðarmörkum og byggingarreitum í Katrínarkoti, Háteigi, Hausastöðum og Pálshúsum. Tillagan gerir einnig ráð fyrir breytti afmörkun almenningsgarðsins Grænagarðs og að skilgreind verði íbúðarhúslóð umhverfis núverandi íbúðarhús í Grænagarði.  
Meirihluti skipulagsnefndar (4 af 5) vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillaga að breytingu aðalskipulags verði kynnt samhliða.

Fulltrúi minnihlutans Baldur Ó. Svavarsson leggur fram eftirfarandi bókun:

"Undirritaður fulltrúi minnihlutans hefur marg varað við vanreifuðu einkavæddu deiliskipulagi Garðahverfis. Enn eru kynntar breytingar á þessum áformum sem nú nálgast fullnustu og úthlutun.

Hættan á skipulagslausri uppbygginu þessa svæðis er sannlega staðreynd skv. þessum gögnum. Þarna er að verða til enn eitt bútasamað skipulagið svo vitnað sé í þekkt orðfæri.

Enn skal minnt á að hér er fórnað einhverju glæsilegasta byggingasvæði á öllu höfuðborgarsvæðinu, í gæluverkefni, greitt af einkaaðila í bænum. Hér er aðeins horft til fortíðar, en framtíðin er látin lönd og leið.

Hugsum til framtíðar, nýtum landkosti og verðmæti á ábyrgan, sjálbæran og framsýnan hátt. Framköllum á Garðaholti heildstætt skipulag með framsýnni, þéttri lágrestri og sjálfbærri byggð í anda þess sem þáverandi meirihluti sjálfstæðismanna í bænum lagði til fyrir 20 árum síðan. Sögulegar minjar og vel skipulagða markvissa byggð má flétta saman í fallegan og forvitnilegan vef."

**5. 2008336 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 5. Urriðaholt 5.04 Vp.**

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 að lokinni auglýsingu í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Frestur til að skila inn athugasemdum rann út þann 22. janúar 2021.

Athugasemdir sem bárust innan tilskilins frests lagðar fram.

Vísað til úrvinnslu hjá tækni- og umhverfissviði.

**6. 1811125 - Urriðaholt Norðurhluti 4 - deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 4 að lokinni auglýsingu skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Frestur til að skila inn athugasemdum rann út þann 22. janúar 2021.

Athugasemdir sem bárust innan tilskilins frests lagðar fram.

Vísað til úrvinnslu hjá tækni- og umhverfissviði.

**7. 2004418 - Leiksvæði í Sjólandi - deiliskipulagsbreyting**

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Sjólands að lokinni grenndarkynningu sem gerir ráð fyrir því að sparkvöllur við Vesturbrú breytist í leiksvæði og sparkvöll. Lögð fram tillaga að nýrri útfærslu leiksvæðis og sparkvallar sem hefur verið kynnt stjórn húsfélagsins við Löngulínu 15-23.

Skipulagsnefnd vísar tillögu að breytingu deiliskipulags til grenndarkynningar að nýju og skal útfærsla leiksvæðis og sparkvallar einnig kynnt.

**8. 2102113 - Hraunhólar. Breyting á deiliskipulagi Hraunsholts eystra.**

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir kostagreiningu skipulagshöfundar á tillögum að breytingu deiliskipulags. Vísað til frekari skoðunar.

**9. 2102023 - Eskiás 2-10 - Deiliskipulagsbreyting 3 hæðir í stað 4 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Ása og Grunda sem gerir ráð fyrir því að hús nr. 2, 4 og 6 við Eskiás verði lækkuð um eina hæð og að heimilað verði að flytja heimildir um fjölda íbúða frá þeim húsum yfir í önnur hús við Eskiás. Hámarkshæðir annarra húsa verði óbreyttar samkvæmt tillögunni. Byggingarreitir lóða nr. 8 og 10

breytast þannig að það myndast lokaðir inngarðar.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi 1. mgr. 43. gr og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**10. 2012104 - Alþjóðaskólinn. Breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda**

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Ása og Grunda að lokinni grenndarkynningu. Athugasemdir sem borist hafa lagðar fram.

Skipluagsnefnd beinir því til skipluagsstjóra að funda með þeim sem sent hafa inn athugasemdir.

**11. 2101220 - Smáraflöt 4 - Umsókn um byggingarleyfi**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem byggir á tillögu að breytingu á einbýlishúsinu að Smáraflöt 4. Vísað til frekari skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði.

**12. 2010441 - Keldugata 2, dsk br Urr.vesturhluti**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags að lokinni auglýsingu. Athugasemdir sem borist hafa lagðar fram. Lögð fram greinargerð deiliskipulagshöfundar þar sem tillögur að svörum við athugasemdum eru settar fram.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagsbreytinguna með breytingu á innkeyrslu lóðarinnar í samræmi við niðurstöðu greinargerðar sbr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svör sem fram koma í greinargerð samþykkt.

**13. 2102035 - Tillaga um nýtingu húsnæðis að Garðatorgi 1 fyrir starfsemi Hönnunarsafns Íslands og fjölbreytta menningarstarfsemi.**

Skipulagsnefnd tekur undir framkomna tillögu og vísar henni til skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði. Þar skal sérstaklega metið hvort breytingar með þessum hætti kalli á skipulagsferli.

Baldur Ó. Svavarsson leggur fram eftirfarandi bókun:

"Nú undir lok kjörtímabils skal loks eitthvað gert í málefnum Garðatorgs 1 og Hönnunarsafnsins.

Mínt skal á að í upphafi kjörtímabils, fyrir bráðum 3 árum síðan lagði Garðabæjarlistinn fram tillögur um nákvæmlega sama efni í bæjarstjórn. - Fyrst þann 20. september 2018 um að Garðabær kæmi á fót sköpunarmiðstöð eða menningarhúsi. Einnig lagt þar til að íþrótt- og tómstundaráð, menningar- og safnanefnd og ungmennaráð myndu saman móta hugmyndir að menningarhúsi. - Síðar eða þann 18. október 2018 lagði Garðabæjarlistinn jafnframt fram tillögu um að Garðabær hefji viðræður við eigendur fasteignar að Garðatorgi 1 með það að leiðarljósi að skapa aukið rými fyrir Hönnunarsafn Íslands og um leið fyrir aðra starfsemi. Það hefur sem sé tekið meirihlutann heil 3 ár að stauta sig í gegnum tillögu minnihlutans og smíða úr þeim nákvæmlega sömu tillögur. Ef þetta er birtingarmynd margrómaðrar lýðræðisefnu bæjarins þá er hér hér framkominn nýr vinkill á þá skilgreiningu.

Um leið og ég fagna því að meirihlutinn sé vaknaður af menningardvalanum þá harma ég vinnubrögðin sem meirihlutinn viðhefur hér með dæmigerðu ólýðræðislegu „eignanámi“ tillagna minnihlutans. Að vísa tillögum minnihlutans í nefndir og svæfa þar, til þess eins að setja þær í annan búning í sínu nafni þykir mér bera vitni um grátbrosleg vinnubrögð. Hér má að lokum af þessu tilefni vitna í Ladda (Þórhalls Sigurðssonar) í gervi Eiríks Fjalar sem sagði um eigin „lagasmíðar“ - „Þetta er frumsamið eftir sjálfan mig“.

**14. 2009056 - Íbúakönnun - Þjónustukönnun Gallup 2020**

Íbúakönnun lögð fram.

**15. 2101165 - Tillögur að breyttu Aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi - Miðbær, Hamraborg, Fannborgarreitur, Traðarreitur vestur.**

Tillögur að breytingum Aðalskipulags Kópavogs og deiliskipulags Hamraborgar lagðar fram. Vísað til sérstaks fundar skipulagsnefndar þar sem tillögur um framkvæmd Borgarlínu verða kynntar og ræddar.

**16. 2101377 - Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024**

Tillaga að þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 lögð fram. Vísað til sérstaks fundar skipulagsnefndar þar sem þróunaráætlun og tillögur um framkvæmd Borgarlínu verða kynntar og ræddar.

**17. 2011231 - Landsskipulag. Tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 til kynningar**

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð fram. Skipulagsnefnd tekur undir þau atriði sem þar koma fram.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Umhverfisnefnd Garðabæjar**  
**29. fundur 2021**

Miðvikudaginn 10. febrúar 2021 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2101191 - Drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs - Í átt að hringrásarhagkerfi.**

Lagt fram.

**2. 2101290 - Áform um lögfestingu markmiðs um kolefnishlutleysi í samráðsgátt.**

Lagt fram.

**3. 2009056 - Íbúakönnun - Þjónustukönnun Gallup 2020**

Formaður umhverfisnefndar fer yfir könnunina og helstu niðurstöður hennar. Könnunin hefur almennt komið vel út í Garðabæ og hafa niðurstöður hennar og vísbendingar verið nýttar til að bregðast við og bæta þjónustuna. Umhverfisnefnd leggur áherslu á nákvæma rýningu niðurstaðna og að skoða tækifæri til úrbóta.

**4. 2101333 - Áform um friðlýsingu Garðahrauns**

Umhverfisnefnd er ánægð með áform um stækkun friðlandsins í Garðahrauni.

**5. 2101174 - Skýrsla um þörf fyrir sorpbrennslustöðvar á Íslandi**

Lagt fram.

**6. 2101352 - Samræming úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu**

Umhverfisnefnd Garðabæjar tekur undir um að mikilvægt sé að samræma flokkun á höfuðborgarsvæðinu. Þá styður umhverfisnefnd tillögu starfshópsins við úrgangssöfnun á höfuðborgarsvæðinu þar sem lagt er til að fjórum úrgangsflokkum verði sérsafnað við heimili og vonar að sú tillaga verði samþykkt í öllum sveitafélögum höfuðborgarsvæðisins.

**7. 1603091 - Trjágróður á lóðamörkum**

Linda Björk Jóhannsdóttir kynnir minnisblað um trjágróður á lóðarmörkum.

**8. 2101301 - Tillaga um göngu og hjólaleiðir í upplandi Garðabæjar**

Umhverfisnefnd fagnar samþykki bæjarstjórnar á að að hafin verði vinna á tækni- og umhverfissviði við að undirbúa skipulag á göngustíg milli Búrfells og Helgafells í samvinnu við Hafnarfjörð. Einnig að hafin verði vinna við svo kallaðan "Vatnastíg" hringleið sem nær milli Vífilsstaðavatns og Urriðakotsvatns og jafnvel til Hvaleyrarvatns í samvinnu við Hafnarfjörð. Þá er lagt til að skipulagsvinna hefjist við Garðahraun efra með það í huga að koma á göngu- og hjólastíg frá Urriðaholti í átt að Vífilsstöðum með tengingu við Garðahraun neðra.

9. 2102035 - Tillaga um nýtingu húsnæðis að Garðatorgi 1 fyrir starfsemi Hönnunarsafns Íslands og fjölbreytta menningarstarfsemi.

Lagt fram.

Bókun Garðabæjarlistans:

"Við í Garðabæjarlistanum fögnum ákvörðun meirihlutans að taka tvær af frábærum tillögum Garðabæjarlistans og setja þær í annan búning og leggja svo fram sem sína tillögu í bæjarstjórn þann 4. febr. s.l.

Þann 20. september 2018 lagði Garðabæjarlistinn fram tillögu um að Garðabær setti á fót sköpunarmiðstöð eða menningarhús. Einnig kom fram í þeirri tillögu að íþrótt- og tómstundaráð, menningar og safnanefnd og ungmennaráð myndu saman móta hugmyndir að menningarhúsi.

Þann 18. október 2018 lagði Garðabæjarlistinn fram tillögu um að Garðabær hefji viðræður við eigendur fasteignar að Garðatorgi 1 með það að leiðarljósi að aukið rými skapist fyrir Hönnunarsafn Ísland og um leið fyrir aðra starfsemi.

Á sama augnabliki og við fögnum því að meirihlutinn taki upp okkar góðu tillögur að þá verðum við smá sorgmædd yfir þeim vinnubrögðum sem meirihlutinn viðhefur. Það að vísa okkar tillögum í nefndir og láta þær svo hverfa í svarthol tillagna til þess eins að setja þær í annan búning í sínu nafni þykir okkur vera dapurleg vinnubrögð.?

Við gerum athugasemd við að tillögur okkar hafa ekki verið ræddar í nefndum og óskum eftir að svo verði. Nefndum ber að afgreiða tillögur sem þangað koma inn.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

## Öldungaráð 1. fundur 2021

Mánudaginn 8. febrúar 2021 kl. 08:30 kom öldungaráð saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson aðalmaður, Anna Guðrún Hugadóttir aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Sigurður Rúnar Símonarson aðalmaður, Ólafur J Proppé aðalmaður, Margrét Björnsdóttir aðalmaður, Svanhildur Þengilsdóttir og Hildigunnur Árnadóttir.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

### 1. **1906094 - Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna, Heilsueflandi Garðabæ, Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna**

Mál nr. 1906094 lagt fram til kynningar. Svanhildur Þengilsdóttir fór yfir stöðu innleiðingar heimsmarkmiðanna hjá Garðabæ sem staðið hefur yfir í 12 mánuði og áhrifa þeirrar innleiðingar á aðrar stefnur bæjarins þar á meðal stefnu í málefnum eldri borgara. Öldungaráð lýsir yfir ánægju sinni með þá vinnu sem unnin hefur verið við innleiðinguna.

### 2. **2006710 - Aukið félagsstarf fullorðinna sumarið 2020 vegna Covid-19**

Tekið er fyrir mál nr. 2006710, kynning á skýrslu um aukna starfsemi og þjónustu í félagsstarfi fullorðinna sumarið 2020 vegna COVID-19 styrktu af félagsmálaráðuneytinu. Um var að ræða tvö verkefni sem fóru af stað með það að markmiði að hvetja eldri borgara til þátttöku í heilsueflandi námskeiðum. Öldungaráð telur þetta framlag hafa skilað sér vel inn í almenna þjónustu og í félagsstarf eldri borgara.

### 3. **2009056 - Íbúakönnun - Þjónustukönnun Gallup 2020**

Tekið fyrir mál nr. 2009056, íbúakönnun Gallup 2020 í Garðabæ lögð fram til kynningar og umræðu. Formaður öldungaráðs fer yfir könnunina og helstu niðurstöður hennar. Könnunin hefur almennt komið vel út í Garðabæ og hafa niðurstöður hennar og vísbendingar verið nýttar til að bregðast við og bæta þjónustuna, til að mynda með notkun rýnihópa. Öldungaráð leggur áherslu á nákvæma rýningu niðurstaðna og að skoða tækifæri til úrbóta.

### 4. **2101415 - Málefni eldri borgara - stuðningsþjónusta**

Tekið er fyrir mál nr. 2101415, gjaldskrá stuðningsþjónustu lögð fram til kynningar. Svanhildur Þengilsdóttir fer yfir forsendur gjaldskránnar, gjaldflokkana og mismunandi nálgun sveitarfélaganna á höfðuborgarsvæðinu. Öldungaráð kemur á framfæri umræðu á meðal eldri borgara sem lýtur að einstaka þjónustuþáttum og að auka þurfi skýrleika og sundurliðun á reikningum frá Garðabæ vegna þjónustunnar.

### 5. **2101428 - Skýrsla starfshóps varðandi tillögur að heilsueflingu eldri borgara.**

Mál 2101428 tekið fyrir, skýrsla starfshóps um heilsueflingu aldraðra, og lagt fram til kynningar. Skýrslan setur fram metnaðarfull markmið til að stuðla að frekari forvörnum og frekari heilsueflingu með samstarfi ríkis og sveitarfélaga og hvetur sveitarfélög til að setja fram sérstaka aðgerðaráætlun í því sambandi. Garðabær er heilsueflandi samfélag og fylgist því grannt með stöðu mála í Garðabæ og leggur ríka áherslu á heilsueflingu í sinni stefnumótun í málaflokknum. Sömu leiðis er rík áhersla lögð á heilsueflingu eldri borgara á Heilsugæslu Garðabæjar. Öldungaráð



tekur heilshugar undir þá þætti sem fjallað er um í skýrslunni og leggur áherslu á forvirkar aðgerðir.

**6. 2101524 - Umsókn um endurbætur innanhúss á Hrafnistu Ísafold**

Mál 2101524, umsókn um endurbætur innanhúss á Hrafnistu Ísafold, lagt fram til umsagnar. Öldungaráð er fylgjandi þeim fyrirætlunum Hrafnistu Ísafoldar að umsókn verði send til Framkvæmdastjóðsins vegna endurbóta.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.



## Stjórn SSH 519. fundur

Mánudaginn 1. febrúar 2021, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Karl M. Kristjánsson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH og Gunnar Einarsson formaður stjórnar. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Á 518. fundi stjórnar hinn 18. janúar 2021 var ákveðið að skipa starfshóp kjörinna fulltrúa vegna þessa verkefnis og var eftirfarandi niðurstaða bókuð í fundargerð:

#### **Niðurstaða fundar:**

*Stjórn samþykkir að óska eftir tveimur tilnefningum frá hverju sveitarfélagi í starfshópinn, einum frá meirihluta sveitarstjórnar og öðrum frá minnihluta. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ljúka drögum að erindisbréfi starfshópsins og leggja fram með erindinu til sveitarfélaganna.*

Beiðnir um tilnefningar ásamt drögum að erindisbréfi voru sendar sveitarfélögum hinn 20. janúar 2021, og hafa eftirfarandi tilnefningar borist:

Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafnarfirði  
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ  
Bjarni Torfi Álfþórsson, Seltjarnarnesi, m. fyrirvara um samþykki bæjarráðs  
Björg Fenger, Garðabæ  
Dóra Björt Guðjónsdóttir, Reykjavík  
Egill Þór Jónsson, Reykjavík  
Guðmundur Ari Sigurjónsson, Seltjarnarnesi, m. fyrirvara um samþykki bæjarráðs  
Jón Ingi Hákonarson, Hafnarfirði  
Lovísa Jónsdóttir, Mosfellsbæ  
Margrét Friðriksdóttir, Kópavogi  
Sara Dögg Svanhildardóttir, Garðabæ  
Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Kópavogi

#### **Niðurstaða fundar:**

Samþykkt að skipa í hópinn á grundvelli framangreindra tilnefninga. Samþykkt að Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH verði formaður hópsins og að skrifstofa SSH leiði þessa vinnu.



Þá er framkvæmdastjóra SSH falið að skoða hvernig greiðslum til starfshópa hjá aðildarsveitarfélögum er háttað og leggja fyrir stjórn.

## 2. Sóknaráætlun – áhersluverkefni 2021 / málsnr. 1906002

Lögð er fram tillaga að áhersluverkefnum fyrir árið 2021. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri er gestur fundarins undir þessum lið. Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH kynnir tillögur að áætluðum verkefnum, skiptingu fjármagns og framlag sóknaráætlunar til áætlaðra verkefna.

### Niðurstaða fundar:

Tillaga um verkefni sóknaráætlunar árið 2021 og fjárframlög til þeirra samþykkt. Tillaga stjórnar SSH er háð samþykki ráðuneytis samgöngu-og sveitarstjórnarmála.

	Framlag sóknaráætlunar	Framlag SSH	Samtals
Loftslagsstefna fyrir höfuðborgarsvæðið.	7.0	1.0	8.0
Nýsköpun og samvinna sveitarfélaga: Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins	8.5	1.0	9.5
Höfuðborgarsvæðið sem staðarvalkostur.	4.0	1.0	5.0
Þróun græns skipulags: Kortlagning, mæling og nýting útivistarsvæða.	9.0	1.0	10.0
Ratsjain fyrir ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu.	3.5	0.0	3.5
Forvarnir á tímum Covid-19	2.5	0.5	3.0
Bæta samstarf sveitarfélaganna við markmiðasetningu og ut anumhald	3.0	0.5	3.5
<b>Samtals</b>	<b>37.5</b>	<b>5.0</b>	<b>42.50</b>

## 3. Sundabraut / málsnr. 1908005

Kynning stöðunnar á vinnu starfshóps um uppbyggingu Sundabrautar, sem var falið að fara í frekari greiningarvinnu á valkostum sem standa eftir við þverun Kleppsvíkur. Jón Kjartan Ágústsson er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir framangreint.

## 4. Málefni skíðasvæðanna – framkvæmdir á skíðasvæðunum / málsnr. 1501005

Lagðar fram til kynningar fundargerðir verkefnahóps og umræða um stöðu verkefnisins og næstu skref. Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH kynnir.

## 5. Stafrænt ráð sveitarfélaga / málsnr. 2012003



Stafrænt ráð sveitarfélaga var tekið til umræðu á 516. fundi stjórnar hinn 7. desember 2020 og eftirfarandi bókað í fundargerð:

**Stafrænt ráð sveitarfélaga/ málsnr. 2012003**

*Kynning á starfi Stafræns ráðs sveitarfélaga, fyrirbyggjandi tillögum ráðsins og næstu skrefum í vinnu þess. Gestur fundarins undir þessum lið er Áslaug Hulda Jónsdóttir, fulltrúi SSH í Stafrænu ráði sveitarfélaga. Áslaug Hulda Jónsdóttir kynnir framangreint, en fyrirbyggjandi eru tillögur um stofnun miðlægs tækniteymis Sambands íslenskra sveitarfélaga og er ráðgert að kostnaður vegna þess skiptist milli sveitarfélaga.*

**Niðurstaða fundar:**

*Framangreindu er vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna með tilheyrandi kynningu, verði óskað eftir því af hálfu sveitarfélaganna.*

Fyrirbyggjandi er bréf frá Kópavogsbæ um afgreiðslu bæjarráðs á erindi SSH hinn 14. janúar sl. og er hún svohljóðandi:

**2012242 - Stafrænt ráð sveitarfélaga**

*Frá SSH, dags. 9. desember, lagt fram erindi um starfrænt ráð sveitarfélaga sem vísað var til efnislegrar afgreiðslu aðildarsveitarfélaga á stjórnarfundum SSH þann 7. desember sl. Bæjarráð frestaði afgreiðslu málsins á fundi sínum þann 17. desember sl.*

*Bæjarráð leggur til að gerður verði formlegur samningur um samstarfið þar sem markmið samstarfsins og afurðir verða skilgreind nánar. Erindið verði tekið fyrir að nýju í bæjarráð þegar samningur um verkefnið liggur fyrir.*

Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH kynnir stöðu þessa verkefnis.

**Niðurstaða fundar:**

Útskýringabréf „Letter of understanding“ er væntanlegt frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Í framhaldi þess verði áframhaldandi ferill þessa máls markaður.

**6. Samstarfssamningar sveitarfélaga / málsnr. 2009003**

Framhald umræðu frá 518. fundi stjórnar en þá var eftirfarandi bókað í fundargerð vegna málsins.

**Samstarfssamningar sveitarfélaga / málsnr. 2009003**

*Hinn 24. ágúst sl. fengu sveitarfélögin sent erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins þar sem koma fram ábendingar og athugasemdir við form og efni þartilgreindra samstarfssamninga sveitarfélaga. Fyrirbyggjandi er minnisblað um skipulag og stöðu þessarar vinnu hjá SSH og sveitarfélögunum. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH kynnir ofangreint og tillögur um næstu skref.*

**Niðurstaða fundar:**



*Stjórn samþykkir að verkefnið verði unnið áfram í samræmi við þær tillögur sem fram koma í minnisblaði til stjórnar, dags. 14. janúar 2021. Jafnframt verði drög að viðaukum við stofnsamninga byggðasamlaganna send stjórn SSH til kynningar með tölvupósti áður en ráðuneytið fær þau send.*

Í samræmi við framangreint voru drög að viðaukum við stofnsamninga byggðasamlaganna send stjórn SSH til kynningar með tölvupósti hinn 28. janúar 2021. Samkvæmt tímalínu sem lagt var upp með í áður nefndu minnisblaði er næsta skref að senda þá til ráðuneytisins og verður það gert á vettvangi hvers sveitarfélags.

**Niðurstaða fundar:**

Stjórn samþykkir að hvert sveitarfélag sendi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu viðaukadrögin ásamt svörum við ábendingum ráðuneytisins í samræmi við það sem fram kemur í minnisblaði um verkefnið. Að fengnum viðbrögðum þess verði viðaukarnir sendir til samþykktar stjórnar SSH og til afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.

**7. Samkomulag um útfærslu vinnutíma vaktavinnufólks / málsnr. 2101009**

Fyrirliggjandi er tölvupóstur Báru Hildar Jóhannsdóttur, verkefnastjóra betri vinnutíma í vaktavinnu hjá embætti ríkissáttasemjara, dags. 29. janúar 2021, ásamt fylgigögnum, en þar er m.a. óskað eftir því að verkefnið verði kynnt fyrir sveitarstjórum á fundi.

**Niðurstaða fundar:**

Báru Hildi Jóhannsdóttur hjá embætti ríkissáttasemjara verði boðið á fund ásamt mannauðsstjórum sveitarfélaganna og stjórn SSH til að kynna útfærslu vinnutíma vaktavinnufólks. Skrifstofu SSH er falið að skipuleggja og boða slíkan fund.

**8. Akstursþjónusta fatlaðs fólks / málsnr. 1711002**

Fyrirliggjandi eru fundargerðir stjórnar akstursþjónustunnar og eru þær lagðar fram til kynningar. Jafnframt liggur fyrir fundinum minnisblað Hópbíla til framkvæmdastjóra Strætó bs. þar sem farið er fram á tekjufallsstyrk vegna áhrifa Covid-19 á áætlaðar tekjur. Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., er gestur fundarins undir þessum lið.

**Niðurstaða fundar:**

Erindi Hópbíla verður skoðað á vettvangi stjórnar akstursþjónustunnar og tillögur lagðar fyrir stjórn SSH.

**9. Önnur mál**

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:00

## SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2021, miðvikudaginn 20. janúar haldinn 388. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn með fjarfundabúnaði og hófst kl. 08:30.

Mættir: Diljá Ámundadóttir Zoega Reykjavík, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Halla Karí Hjaltested Kópavogi og Björg Fengler Garðabæ.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR, Andrés B. Andreassen fjármálastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:


1. Rætt um stöðu á uppbyggingu á skíðasvæðunum.  
Fulltrúi Mosfellsbæjar lagði fram svohljóðandi bókun:  
Fulltrúi Mosfellsbæjar í stjórn samstarfsnefndar skíðasvæða samþykkir þá áætlun sem hér liggur fyrir um uppbyggingu á skíðasvæðunum en minnir á að Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur óskað eftir því við aðildarsveitarfélögin að það verði skoðað alvarlega að seinka ekki endurnýjun stólalyftunnar í Skálafelli. Er þess óskað að allra leiða verði leitað til að endurnýjun hennar verði ekki seinkað. Stólalyftan í Skálafelli er orðin mjög gömul og byggir á gamalli tækni. Mjög brýnt er að endurnýja hana sem fyrst.
2. Lagt fram að nýju bréf skíðagöngufélagsins Ullar dags. 10. nóvember 2020 varðandi bráðabirgðaaðstöðu í Bláfjöllum.  
Framkvæmdastjóra, formanni og framkvæmdastjóra ÍTR falið að vinna að málinu áfram.
3. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 19. janúar 2021 um stöðuna í fjöllumunum. Nýtt merki Skíðasvæðanna er komið í notkun, búið að merkja fatnað starfsmanna og merkingar á svæðinu hafa verið uppfærðar ásamt því að ný heimasíða er farin í loftið. Fyrsti opnunardagur var 17. janúar. Skíðasvæðin hafa heimild til að taka á móti 500 manns í einu vegna Covid. Verður endurskoðað reglulega. Gestir þurfa að kaupa miða samdægurs á netinu. Veitingasalan er lokuð en salerni opin og þau sóttþreinsuð reglulega. Vetrarkortasala var mjög góð og mikill fjöldi gönguskiðakorta voru seld. Öryggisrásavír slitnaði í Kónginum vegna mikillar ísingar og er reiknað með að Kóngurinn verði kominn í notkun aftur í dag 20. janúar 2021.

Fundi slitið kl. 09:52.

Diljá Ámundadóttir

Halla Karí Hjaltested  
Rúnar Bragi Guðlaugsson  
Kristín María Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson  
Björg Fengler



Reykjavík, 15. janúar 2021  
Fundargerð 221. fundar

*Tilvísun: 2101002*

Föstudaginn 15. janúar var haldinn 221. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 08:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Ármann Kr. Ólafsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Einnig sat fundinn undir liðum 12 til 18 Þóra K. Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarnanefndar.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

## **1. Starfsreglur stjórnar**

Lögð fram breyting á starfsreglum stjórnar sem heimila fjarfundu og rafrænna undirritun fundargerða.

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfsreglur stjórnar SHS, 3. útgáfa, dags. 15. janúar 2021.

*Afgreiðsla:* Breytingar á starfsreglum samþykktar og þær sendar stjórn til undirritunar.

## **2. Starfsáætlun stjórnar 2021**

Formaður lagði fram og kynnti starfsáætlun vegna fastra funda stjórnar á árinu 2021.

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfsáætlun stjórnar SHS fyrir árið 2021, dags. 15. janúar 2021.

*Afgreiðsla:* Starfsáætlun stjórnar samþykkt og sendar formanni til undirritunar.

### **3. Samningaviðræður við SÍ vegna sjúkraflutninga**

Slökkviliðsstjóri fór yfir stöðu mála í samningaviðræðum SHS og Sjúkratrygginga Íslands vegna sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### **4. Lífeyrissjóðurinn Brú**

Farið yfir stöðu mála vegna bakreiknings frá Lífeyrissjóðnum Brú vegna samtímagreiðslu lífeyrisskuldbindinga á árunum 2017 – 2019. Beðið er nánari greinargerðar sjóðsins.

*Afgreiðsla:* Samþykkt að fela lögmanni SHS að vinna málið með slökkviliðs- og fjármálastjóra.

### **5. Eftirlitsáætlun forvarnasviðs fyrir árið 2021**

Slökkviliðsstjóri lagði fram og kynnti eftirlitsáætlun forvarnasviðs fyrir árið 2021.

Eftirfarandi lagt fram:

- Eftirlitsáætlun 2021, heild, dags. 15. janúar 2021.

*Afgreiðsla:* Eftirlitsáætlun forvarnasviðs fyrir árið 2021 samþykkt.

### **6. Árlegt árangursmat á störfum stjórnar og slökkviliðsstjóra**

Farið yfir niðurstöður árangursmats á störfum stjórnar og slökkviliðsstjóra.

Eftirfarandi lagt fram:

- Árangursmat stjórnar SHS desember 2020/janúar 2021, skýrsla CEO Huxun, ódags.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### **7. Útköll 2020**

Farið yfir helstu tölur ársins 2020. Boðanir í útköll árið 2020 voru alls 34.240, sem er 2,7% aukning frá fyrra ári.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### **8. Ráðningar 2021**

Umsóknarfrestur um stöður slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna rann út sl. sunnudag. Alls sóttu 109 um störf, 92 karlar og 17 konur. Ráðningarferlið er hafið.

*Afgreiðsla:* Kynning.

### **9. Starfsánægjukönnun**

Farið yfir niðurstöður könnunar HR Monitor á starfsánægju hjá SHS.

*Afgreiðsla:* Kynning. Stjórn óskar eftir minnisblaði um eftirfylgni í kjölfar niðurstöðu könnunarinnar.



## 10. Bræðraborgarstígur

Farið yfir skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um eldsvoðann að Bræðraborgarstíg sl. sumar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Skýrsla Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um eldsvoða að Bræðraborgarstíg 1, 101 Reykjavík – 25. júní 2020, ódags.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## 11. Önnur mál SHS

11.1 Bruninn í Álfsnesi 8. janúar 2021.

*Afgreiðsla:* Slökkviliðsstjóra falið að fara yfir brunann á næsta fundi og gefa yfirlit yfir tíðni bruna á þessu svæði 10 ár aftur í tímann.

Kl. 09:30 tóku við málefni framkvæmdaráðs AHS.

## 12. Síðustu tölur

Farið stuttlega yfir síðustu tölur.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## 13. Reglugerðir heilbrigðisráðherra, minnisblöð sóttvarnalæknis

Reglugerðir sem nú eru í gildi.

Eftirfarandi lagt fram:

- Reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 5/2021, dags. 11. janúar 2021. Gildistími frá 13. janúar 2021.
- Reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar nr. 1306/2020, dags. 21. desember 2020. Gildistími 1. janúar til 28. febrúar.
- Reglugerð nr. 6/2021 um breytingu á reglugerð 1199/2020 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands, dags. 12. janúar. Gildistími 12. janúar til 1. febrúar.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## 14. Ráðstafanir sveitarfélaganna og neyðarstjórna þeirra

AHS hefur fundað með einingum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, t.d. á vettvangi skóla-, velferðar-, menningar- og íþróttamála til að tryggja samræmingu.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## 15. Ráðstafanir LRH

Farið stuttlega yfir ráðstafanir og verkefni LRH.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## 16. Ráðstafanir SHS

Farið stuttlega yfir ráðstafanir og verkefni SHS.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## 17. Undirbúningur fyrir bólusetningar

Undirbúningur hefur verið í gangi varðandi mögulegt skipulag bólusetninga þegar til kemur. Almannaþingurinn, sveitarfélögin og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins. Gert er ráð fyrir að taka Korpuskóla í notkun fyrir bólusetningar ef þörf krefur.

*Afgreiðsla:* Kynning.

## 18. Önnur mál AHS

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 10:00.

**Fundir vegna AHS verða boðaðir eftir þörfum.  
Næsti skipulagði fundur stjórnar er föstudaginn 19. febrúar.**

Fylgiskjöl:

SHS:


- Starfsreglur stjórnar SHS, 3. útgáfa, dags. 15. janúar 2021.
- Starfsáætlun stjórnar SHS fyrir árið 2021, dags. 15. janúar 2021.
- Eftirlitsáætlun 2021, heild, dags. 15. janúar 2021.
- Árangursmat stjórnar SHS desember 2020/janúar 2021, skýrsla CEO Huxun, ódags.
- Skýrsla Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um eldsvoða að Bræðraborgarstíg 1, 101 Reykjavík – 25. júní 2020, ódags.

AHS:

- Reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar nr. 5/2021, dags. 11. janúar 2021. Gildistími frá 13. janúar 2021.
- Reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar nr. 1306/2020, dags. 21. desember 2020. Gildistími 1. janúar til 28. febrúar.
- Reglugerð nr. 6/2021 um breytingu á reglugerð 1199/2020 um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands, dags. 12. janúar. Gildistími 12. janúar til 1. febrúar.


# Undirritunarsíða

f.h. Reykjavíkurborgar  
Dagur B Eggertsson




Undirritað af:  
Dagur B Eggertsson  
1906725739  
Dags: 18.01.2021  
Tími: 15:53:40  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 6f27c4ee-  
7ab4-448a-87b1-  
bfc736a50699

f.h. Mosfellsbæjar  
Haraldur Sverrisson




Undirritað af:  
Haraldur Sverrisson  
1412617119  
Dags: 15.01.2021  
Tími: 15:34:13  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 6f27c4ee-  
7ab4-448a-87b1-  
bfc736a50699

f.h. Seltjarnarness  
Ásgerður Halldórsdóttir




Undirritað af:  
Ásgerður Halldórsdóttir  
0606565929  
Dags: 15.01.2021  
Tími: 17:26:40  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 6f27c4ee-  
7ab4-448a-87b1-  
bfc736a50699

f.h. Hafnarfjarðar  
Rósa Guðbjartsdóttir




Undirritað af:  
Rósa Guðbjartsdóttir  
2911653899  
Dags: 19.01.2021  
Tími: 14:10:00  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 6f27c4ee-  
7ab4-448a-87b1-  
bfc736a50699

f.h. Kópavogsbæjar  
Ármann Kristinn Ólafsson



Undirritað af:  
Ármann Kristinn  
Ólafsson  
1707665049  
Dags: 12.02.2021  
Tími: 12:17:15  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 6f27c4ee-  
7ab4-448a-87b1-  
bfc736a50699

f.h. Garðabæjar  
Gunnar Einarsson



Undirritað af:  
Gunnar Einarsson  
2505554079  
Dags: 18.01.2021  
Tími: 08:27:20  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 6f27c4ee-  
7ab4-448a-87b1-  
bfc736a50699



## FUNDARGERÐ 443. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 29. janúar 2021. Fundurinn er settur klukkan 14:00. Fundurinn er fjárfundur á Teams.

**Fundarstjóri:** Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Birkir Jón Jónsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni. Guðmundur Tryggvi Ólafsson situr fundinn til og með lið 5.

### Tekið fyrir

#### 1. Drög að ársuppgjöri 2020

Fjármálastjóri gerir grein fyrir drögum að ársuppgjöri síðasta árs. Drögin rædd. Ársuppgjör er til skoðunar hjá endurskoðanda SORPU og verður borið undir stjórn til samþykktar að því loknu.

#### 2. Bruninn í Álfnesi 8. janúar 2021

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir brunanum í Álfnesi 8. janúar síðastliðinn og kynnti að áhættugreining sé í gangi vegna málsins. Umræður í kjölfarið.

#### 3. Minnisblað - Samræmd úrgangsflokkun á starfssvæði SORPU

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði SORPU við minnisblað verkefnahóps SSH um drög að skýrslu ReSource International um samræmda úrgangsflokkun á starfssvæði SORPU. Minnisblaðið rætt.

Stjórn bókar eftirfarandi:

„Nú hefur starfshópur á vegum SSH um samræmingu á úrgangsflokkun skilað af sér skýrslu og tillögum um samræmda flokkun á starfssvæði Sorpu bs. Þessar tillögur þarf að ræða í öllum sveitarfélögum á vettvangi sveitarstjórna áður en ákvarðanir eru teknar um framtíðar fyrirkomulag í flokkun á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn Sorpu vill brýna sveitarfélögin um að standa vel að kynningu og umræðum um tillögurnar og velja besta kostinn fyrir íbúana. Þá er það skoðun stjórnar Sorpu að sama hvaða leið verði valin þá sé það skynsamlegt að Sorpa leiði þessa vinnu og hafi yfirumsjón með verkefninu.“

#### 4. Minnisblað - Svæðiskipulag - Næstu skref SORPU vegna hátækisorprenslu

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um næstu skref SORPU vegna hátækisorprenslu. Minnisblaðið rætt. Framkvæmdastjóra er falið að finna bestu og hagkvæmstu leiðir til að raungera vinnu við undirbúning og innleiðingu framtíðarlausnar vegna meðhöndlunar á brennanlegum úrgangi í samræmi við fyrirliggjandi tillögu að aðgerðaráætlun um breytta meðhöndlun og lágmörkun urðunar úrgangs.

#### 5. Minnisblað - Framtíðarskipan endurvinnslustöðva

Rekstrarstjóri endurvinnslustöðva gera grein fyrir minnisblaði og kynningu um framtíðarskipan endurvinnslustöðva SORPU. Minnisblaðið og kynningin rædd.

Fullgild rafræn undirskrift

**JÓNA SÆMUNSDÓTTIR**  
Kennitala: 190358-2169  
2021-02-07 17:05:53 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**KOLBRÚN G ÞORSTEINSDÓTTIR**  
Kennitala: 190867-5369  
2021-02-04 18:22:14 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**ÁGÚST BJARNI GARÐARSSON**  
Kennitala: 290987-2539  
2021-02-08 12:31:10 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**BJARNI TORFI ÁLFÞÓRSSON**  
Kennitala: 080560-3709  
2021-02-04 20:07:13 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**LÍF MAGNEUDÓTTIR**  
Kennitala: 130874-6069  
2021-02-04 21:09:24 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**BIRKIR JÓN JÓNSSON**  
Kennitala: 240779-5289  
2021-02-05 13:05:02 GMT  
Ástæða: Undirskrift



Stjórn bókar eftirfarandi:

„Svo sveitarfélögin nái markmiðum sínum um aukna endurvinnslu og aukið aðgengi íbúa að endurvinnsluúrræðum og úrgangspjónustu þarf að finna bestu lausnirnar á framtíðarfyrirkomulagi endurvinnslustöðvanna. Innleiðing hringrásarhagkerfisins veltur meðal annars á þeim innviðum sem sveitarfélögin byggja og eru endurvinnslustöðvarnar mikilvægur hlekkur í þeirri innleiðingu. Það er því brýnt og aðkallandi að komast að niðurstöðu um framtíð og staðsetningu þeirra.“

#### **6. Minnisblað - Framtíðarsýn Góða hirðisins – kynning og umræða**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um framtíðarsýn Góða hirðisins. Minnisblaðið rætt.

Stjórn bókar eftirfarandi:

„Stjórn Sorpu vill efla Góða hirðinn enn frekar og skoða hvort fjölgun verslana víðsvegar um höfuðborgarsvæðið séu liður í því og hvort það ýti undir og auki endurnýtingu í samfélaginu. Eins eru mikil samlegðaráhrif fólgin í því að sameina Efnismiðlunina og Góða hirðirinn og hafa allt sem hægt er að endurnýta og endurnota á sömu hendi.“

#### **7. Minnisblað - Staðan á plastútflutningi**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um stöðu á útflutningi plasts. Minnisblaðið rætt.

#### **8. Umfjöllun um drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 (mál 6/2021) og drög að breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis (mál 11/2021)**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir drögum að greinargerð um lög um innleiðingu hringrásarhagkerfisins og stefnu um meðhöndlun úrgangs.

#### **9. Staðan á samstarfi við Ými Technologies**

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðunni á samstarfi SORPU og Ýmis Technologies. Staðan rædd.

#### **10. Greinargerð frá Hagvangi vegna ráðningar framkvæmdastjóra**

Greinargerð lögð fram á fundi stjórnar.

#### **11. Eigendafundur 1. febrúar – kynning á dagskrá.**

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri kynna fyrirhugaða dagskrá fundarins.

#### **12. Önnur mál**

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri ræða möguleika á tíðari breytingum á gjaldskrá SORPU.

#### **13. Næsti fundur**

Næsti fundur er boðaður samkvæmt fundadagskrá stjórnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 16:30



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**Fundargerð**  
**31. eigendafundar Sorpu bs.**  
**Fjarfundur**  
**mánudaginn 1. febrúar 2021, kl. 11:00**

Mætt:

**f.h. eigenda Sorpu bs.:**

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.  
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogi.  
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi.  
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík.  
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ.  
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði.

**frá stjórn SORPU bs.:**

Líf Magneudóttur, Reykjavík.  
Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafnarfirði.  
Birkir Jón Jónsson, Kópavogi.  
Bjarni Torfi Ástþórsson, Seltjarnarnesi.  
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ.  
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbær.

Enn fremur sátu fundinn Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Sorpu bs., Gunnar Einarsson, stýrði fundi.

Dagskrá var lögð fram og gengið til dagskrár.

**1. Áhrif fyrirliggjandi lagafrumvarps til breytinga á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfisins og draga að stefnu um meðhöndlun úrgangs á starfsemi Sorpu bs./**

Jón Viggó Gunnarsson kynnir áhrif fyrirliggjandi lagafrumvarps á starfsemi Sorpu bs. og þá umsagnarvinnu sem fer fram nú á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Er framkvæmdastjóra og eftir atvikum stjórn Sorpu bs. falið að fylgja málinu eftir.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**2. Samræming úrgangsflokkunar / málsnr. 1906002**

Fyrir liggur fýsileikaskýrsla Resource um samræmingu úrgangsflokkunar og minnisblað starfshóps um samræmingu úrgangsflokkunar um fýsileika á samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu, sem send hafa verið sveitarfélögum til umræðu. Jón Viggó Gunnarsson kynnir afstöðu Sorpu bs. til samræmdrar úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu, sem almennt er jákvæð og að telur líklegt að verði hún að veruleika leiði geti það leitt til aukinnar skilvirkni við meðhöndlun úrgangs og aukins hreinleika efnisstrauma. Samhliða þurfi að skoða hlutverk endurvinnslutöðva og grenndargáma og hvernig þau geti orðið virkur hluti þessa samræmda kerfis. Jafnframt býður Sorpa bs. sig fram til nánara samstarfs við skoðun á innleiðingu samræmdrar úrgangsflokkunar.

Umræður um áframhaldandi feril þessa verkefnis en gert er ráð fyrir því að stofnaður verður verkefnahópur sem leggi fram innleiðingaráætlun á verkefninu, samþykki sveitarfélögin að hefja samræmda úrgangsflokkun.

**3. Drög að aðgerðaráætlun um meðhöndlun og förgun úrgangs vegna svæðisáætlunar Sorpu 2021 – 2035 málefni sorpbrennslu/ málsnr. 1908010**

Gestur fundarins undir þessum lið er Páll Guðjónsson, ráðgjafi, sem kynnir drög að aðgerðaáætlun og áætlaða tímalínu aðgerða og umbreytinga, en stefnt er að því að draga úr urðun úrgangs í Álfnesi og að eftir árið 2023, þ.e. eftir lokun urðunarstaðarins í Álfnesi verði einungis urðaður óvirkur úrgangur sem ekki er tækur til annarrar meðhöndlunar. Samhliða er stefnt að útflutningi brennanlegs úrgangs en jafnframt þurfi að skoða tiltækar lausnir til lengri tíma hvað varðar brennslu. Umræður.

**4. Erindi frá Samtökum iðnaðarins vegna gjaldskrárbreytinga Sorpu bs. / málsnr. 2101006**

Eigendavettvangur Sorpu bs. mun svara erindi SI í samráði við stjórn og framkvæmdastjóra Sorpu bs.

**5. Rekstur GAJA**

Ekki gafst tími til að taka þennan lið á dagskrá fundarins og er honum frestað.

**6. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001**

Formaður eigendavettvangs fer yfir stöðu verkefnisins og fyrirhugaðan starfshóp um verkefnið sem tilnefnt verður í á vettvangi stjórnar SSH í dag.

**7. Önnur mál.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, fundarritari.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

## Fundargerð 30. eigendafundar Strætó bs.

### Fjarfundur Mánudaginn 1. febrúar 2021, kl. 13:15

Mætt:

**f.h. eigenda Strætó bs.:**

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ  
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogi  
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnessbæ  
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg  
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ  
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ

**frá stjórn Strætó bs.:**

Hjálmar Sveinsson, Reykjavík  
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ  
Gunnar Valur Gíslason, Garðabæ  
Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfirði.  
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi  
Sigrún Edda Jónsdóttir, Seltjarnarnesbæ

Enn fremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Gunnar Einarsson, stýrði fundi.

Dagskrá var lögð fram og gengið til dagskrár.

**1. Fjárhagsleg staða Strætó bs. / málsnr. 1911002**

Gunnar Einarsson kynnir stöðu viðræðna við ríkið vegna mögulegs framlags þess til rekstrar Strætó bs. Hjálmar Sveinsson, formaður stjórnar Strætó bs., kynnir fjárhagsstöðu Strætó bs., með hliðsjón af afleiðingum Covid-19 sem leitt hafa til mikils tekjutaps. Umræður um framangreint og nauðsynlega endurnýjun vagnaflotans og að hvaða marki sé hagkvæmara og æskilegra að bjóða vagna og akstur út.

**2. Rekstraráætlun / málsnr. 1911002**





## Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Jóhannes Rúnarsson kynnir en útlit er fyrir að tekjur ársins 2021 verði 80% af tekjum ársins 2019. Þá er voru tekjur ársins 2020 um 800.000.000 kr. lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Koma þurfti til lántöku, alla vega tímabundið, til að mæta þessu. Umræður.

### Niðurstaða fundar:

Eigendavettvangur samþykkir fyrir sitt leyti að lögð verði fyrir aðildarsveitarfélögin beiðni Strætó bs. um heimild til að sækja um yfirdráttarheimild að fjárhæð allt að 300.000.000 kr. hjá viðskiptabanka Strætó bs. í því öryggisskyni að tryggja fjárstreymi tímabundið og koma í veg fyrir ógjaldfærni á næstu mánuðum. Jafnframt verði haldið áfram að leita leiða til hagræðingar.

### 3. Stjórnarsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Formaður eigendavettvangs fer yfir stöðu verkefnisins og fyrirhugaðan starfshóp um verkefnið sem tilnefnt var í vettvangi stjórnar SSH fyrr í dag.

### 4. Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir, fundarritari.

# Reglur Garðabæjar um skammtímadvöl fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Skv. 17 gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og reglugerð um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum nr. 1037/2018.

Reglur þessar eru samhljóða fyrir sveitarfélögin Kópavog, Hafnarfjörð, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

## 1. gr.

### Markmið og forsendur

Skammtímadvalir eru fyrir börn og ungmenni sem vegna mikillar umönnunarþarfa umfram jafnaldra þurfa á skammtímadvöl að halda. Skammtímadvöl er ætluð börnum sem flokkast í umönnunarflokka 1, 2 og 3 eins og þeir eru skilgreindir í 5. gr. reglugerðar nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna.

Heimilt er einnig að veita fullorðnu fötluðu fólki með langvarandi stuðningsþarfir, sem býr í foreldrahúsum, skammtímadvöl meðan beðið er eftir annarri þjónustu.

Markmið þessara reglna er að tryggja að starfsemi og aðbúnaður á skammtímadvalarstöðum fyrir fötluð börn, ungmenni og fullorðna taki mið af aldri þeirra, aðstæðum og stuðningsþörf.

Skammtímadvalir eru í þremur sveitarfélögum þ.e.;

- Móafliot í Garðabæ er fyrir börn á aldrinum 6-16 ára að jafnaði.
- Hnotuberg í Hafnarfirði er fyrir fólk frá 16 ára aldri.
- Hrauntunga í Kópavogi fyrir ungt fólk sem undirbúningur fyrir sjálfstæða búsetu.

## 2. gr.

### Gæði þjónustunnar

Þjónustu- og rekstraraðili sem ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á þjónustu skammtímadvalar skal tryggja að aðstæður miðist við aldur þeirra sem þar dvelja á hverjum tíma.

Hver og einn notandi fær tengilið sem er starfsmaður skammtímadvalarinnar. Hlutverk tengils er að samræma þjónustu með gerð einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar ef við á. Þjónustu- og rekstraraðili skal á 12 mánaða fresti í það minnsta, framkvæma mat á gæðum þjónustunnar og ráðast í gerð umbótaáætlunar sé þess talin þörf. Slíkt mat skal vera aðgengilegt almenningi.

## 3. gr.

### Umgjörð og aðbúnaður þjónustunnar

Skammtímadvölin skal vera þannig búin að þar séu aðstæður sem hæfa aldri og getu notenda sem þar dvelja á hverjum tíma.

## 4. gr.

### Umsóknarferli og úthlutanir

Umsókn um skammtímadvöl skal berast til lögheimilissveitarfélags umsækjanda. Unnt er að sækja um rafrænt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Þegar umsókn hefur verið móttækin skal innan tveggja vikna boða umsækjanda og eftir atvikum aðstandanda/tengilið í viðtal til að afla frekari upplýsinga. Einnig er óskað eftir upplýsingum frá fagaðilum, með framvísun læknisvottorðs og/eða greinargerð frá viðurkenndum greiningaraðila, þar sem fram kemur mat á þörf viðkomandi fyrir stuðning. Á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga er annars vegar metið hvort almenn úrræði samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga geta komið til móts við þarfir umsækjanda eða hvort þörf sé sérstakra stuðningsúrræða samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Umsókn er lögð fyrir teymisfund. Umsækjanda er tilkynnt um úthlutun innan sjö daga frá ákvörðun. Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Umsækjanda skal kynntur áfrýjunarréttur þegar niðurstaða liggur fyrir.

Þegar losnar um í skammtímadvöl þá forgangsraðar hvert sveitarfélag umsóknum um skammtímadvalir sem síðan eru lagðar fyrir í samráðshópi sveitarfélaga. Í samráðshóp sitja starfsmenn frá hverju sveitarfélagi fyrir sig ásamt forstöðumanni viðkomandi skammtímadvalar. Hópurinn gerir tillögu að úthlutun.

Umsækjanda er tilkynnt um úthlutun innan sjö daga frá ákvörðun.

## **5. gr.**

### **Þjónustutími**

Þjónustutími skammtímadvalar getur verið allt frá einum upp í 14 sólarhringa á fjögurra vikna fresti.

Sé talin þörf fyrir þjónustu í meira en 90 sólarhringa í 26 vikur samfleytt skal unnin einstaklingsbundin þjónustuáætlun um aukna aðstoð á heimili notandans. Þurfi notandi annars konar og meiri þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldu þess samhliða skammtímadvöl skal vísa málefni þess til sérfræðingateymis skv. 20. gr. laga nr. 38/2018.

Dvelji notandi í skammtímadvöl í samtals 90 sólarhringa á ári eða lengur skal gert ráð fyrir að dvölin verði hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi svo unnt sé að tryggja gæði þjónustunnar og samráð við fjölskyldu og aðra þjónustuaðila.

## **6. gr.**

### **Hámarksfjöldi notenda á skammtímadvalarstað**

Fjöldi notenda á hverjum skammtímadvalarstað skal, alla jafna, ekki vera fleiri en sex samtímis. Við mat á hámarksfjölda notenda á hverjum tíma skal tekið mið af einstaklingsbundnum þörfum hvers og eins og aðstæðum á skammtímadvalarstað hverju sinni.

## **7. gr.**

### **Kostnaðarpátttaka**

Þjónusta í skammtímadvöl er notendum að kostnaðarlausu. Þeir skulu þó standa straum af kostnaði vegna frístunda og ferða á meðan á skammtímadvöl stendur. Notendur skammtímadvalar skulu ekki bera kostnað sem fellur til við starfsmannahald vegna þátttöku þeirra í frístundastarfi utan skammtímadvalar.

Notendur eldri en 18 ára skulu standa straum af kostnaði vegna fæðis meðan á dvöl stendur og greiða samkvæmt gjaldskrá hverju sinni. Gjaldskrá miðast við neysluviðmið Stjórnarráðs Íslands ár hvert.

## **8. gr.**

### **Starfsmannahald**

Forstöðumaður skammtímadvalar skal hafa háskólapróf á sviði félags-, heilbrigðis- eða menntavísinda og reynslu sem nýtist í starfi. Jafnframt skal að minnsta kosti einn annar starfsmaður með fagmenntun vera til staðar á vökutíma. Starfsmenn skulu hafa grunnþekkingu í þjónustu við fatlað fólk og uppeldi barna ef við á.

Rekstrarsveitarfélag tekur á sig ábyrgð á ráðningu starfsmanna. Óheimilt er að ráða starfsmann sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á köflum XXII og XXIII. gr. 211 eða gr. 218. Hafi starfsmaður verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga skal meta áhrif þess á hæfi viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

## **9. gr.**

### **Ábyrgð**

Sveitarfélag ber ábyrgð á að aðbúnaður og þjónusta á skammtímadvalarstað sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Sú ábyrgð nær jafnt til þeirrar þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélags og annarra aðila sem veita þjónustu á grundvelli samninga við sveitarfélagið.

## **10. gr.**

### **Eftirlit**

Sveitarfélag annast eftirlit með starfsemi skammtímadvalarstaða, sbr. 5. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Eftirlitið getur verið í formi úttekta á gæðum sem byggjast á kröfufýsingum, þar sem aðstæður eru skoðaðar.

## **11. gr.**

### **Gildistaka**

Reglur þessar öðlast gildi fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig þegar bæjarstjórn/sveitarstjórn hefur samþykkt þær.